

Fundur Húsnefndar Þinghamrs 17. október 2019

FUNDARGERÐ

Fimmtudaginn 17. október 2019 kom saman húsnefnd Þinghamars, í félagsheimilinu Þinghamri kl. 8:30. Mætt voru: Brynjólfur Guðmundsson, Hrefna B. Jónsdóttir, Sigbjörn Björnsson og Guðmundur Finnsson, húsvörður. Fulltrúar Borgarbyggðar, Kristján Finnur Kristjánsson.

Fjárhagsáætlun:

Fyrir fundinum liggur tillaga að fjárhagsáætlun 2020 fyrir félagsheimilið Þingamar. Hafist var handa við að mála Blómasalinn í maí sl. en hefur málarinn ekki lokið störfum. Leki á staðnum gerði það að verkum að framkvæmdinni var frestað innanhúss. Stefna þarf á að ljúka verkinu svo og síðan að halda áfram utanhúss. Málað hefur verið utanhúss að hluta, ca þriðjungur hússins. Brýnt er að ljúka því á á komandi ári.

Þó gert hafi verið við leka í Blómasal er kominn upp nýr leki. Hann er á SV-gafla hússins. Lekur niður í skrifstofu húsvörðar. Rætt um skoðun/greiningu á lekanum til að finna út hentuga viðgerðaraðferð.

Tjaldstæði

Rætt um tjaldstæðin og málningu á húsnæðisaðstöðu við þau. Þar taldi húsvörður betur heima setið en af stað farið. Fundarmenn sammála um að rekstur tjaldsvæðisins sé ekki viðunandi. Oft vantaði pappír við WC- aðstöðu o.fl. mætti til telja.

Nefndin leggur það til að gert verði ráð fyrir fjármagni til annars viðhalds í félagsheimilinu.

Parketið á „blómastofunni“ er orðið skemmt, m.a. vegna lakkleysis og á kafla var leki niður á gólfið. Nauðsynlegt er að gera við parket í blómastofu þar sem það liggur undir skemmdum. Brýnt er að hefja viðgerðir. Fundarmenn þó sammála um að leggja fjármuni næsta árs í húsið utanhúss en þar en afar brýn viðhaldsþörf. Var Kristján Finnur minntur á gangstéttarhellur fyrir utan Þingamar, sem eru orðnar skemmdar.

Margt á snyrtingum er komið á viðhaldsstig. Á árinu 2019 hefur verið skipt um fjögur klóset en endurnýja þarf tvö til viðbótar.

Sviðið er orðið hættulegt börnum. Mála þarf sviðið hið fyrsta, pússa upp og mála.

Eins og fram kemur í fundargerð þá liggja innanstokksmunir undir skemmdum vegna viðhaldsleysis.

Staða utanhúss.

Í heimkeyrslu vantar malbik. Farið er að renna úr brekkunni, sem liggur frá félagsheimilinu. Malbikið er því orðið ónýtt í brekkunni, þ.e. það sem eftir er af því. Hlaðið er farið að láta á sjá. Á sínum tíma átti að fara tvær umferðir yfir planið en það var aldrei gert. Þess vegna var aldrei malbikað upp að gangstéttarkantinum þar sem það átti að gerast í seinni umferðinni. Stéttin fyrir framan húsið er samsett af gangstéttarhellum sem eru margar brotnar. Ekkert bílastæði er merkt fyrir fatlaða fyrir framan húsið.

Útilýsing er ófullnægjandi fyrir framan húsið. Lýsingu vantar út á bílplanið og ekki fást lengur perur í ljósastaurinn.

Samantekt:

Nefndin áréttar að mikilvægt er að leggja áherslu á viðhald hússins utanhúss. Óskað er eftir 2.000.000 kr. til viðhalds á komandi sumri. Nefndin áréttar að talsvert fjármagn þarf til að malbika planið fyrir framan félagsheimilið.

Og málning innanhúss 800.000 kr. til viðbótar við það sem fram kemur í drögum að fjárhagsáætlun.

Nefndin áréttar einnig að í upphafi var vandað vel til byggingarinnar Þinghamars og hefur því húsnæðið sloppið létt frá viðhaldi í gegnum árin. Nú kallar fasteignin á meira viðhald.

Fundi slitið.

Fundarritari HBJ.